

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breytt deiliskipulag, Kleifahraun 5.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 31. janúar 2019 breytingar á deiliskipulagi við Hraunveg.

Samþykkt tillaga gerir ráð fyrir breytingum á byggingarskilmálum lóðar nr. 5 við Kleifahraun. Á lóðinni verða tvær parhúsalóðir nr. 5a-b og 7a-b.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breytt deiliskipulag, Ofanleitisvegur 26.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 28. mars 2019 breytingar á deiliskipulagi fristundasvæðis að Ofanleiti.

Samþykkt tillaga gerir ráð fyrir breytingum á byggingarskilmálum lóðar nr. 26 í Ofanleiti. Á lóðinni er bætt við byggingarreit fyrir 50 fm þjónustuhús og átta 11 fm byggingarreitum fyrir smáhýsi.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breytt deiliskipulag, Vestmannabraut 56B.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 26. september 2019 breytingar á deiliskipulagi miðbæjar.

Samþykkt tillaga gerir ráð fyrir breytingum á byggingarskilmálum lóðar nr. 56B við Vestmannabraut. Á lóðinni er bætt við byggingarreit fyrir bílgeymslu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, 17. desember 2019,

Sigurður Smári Benónýsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.